

# Atvinnublaðið

Morgunblaðið [mbl.is](http://mbl.is) FINNAQ



## Við leitum að framkvæmdastjóra

N1 leitar að framkvæmdastjóra til að veita félaginu forystu og stýra þróun þess til enn frekari vaxtar. Framkvæmdastjóri stýrir daglegum rekstri og leiðir öflugt starfsfólk félagsins með það sameiginlega hlutverk að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu, hvert sem ferð þeirra er heitið. Framkvæmdastjóri N1 situr í framkvæmdastjórn Festi þar sem sterk liðsheild vinnur saman að markmiðum samstæðunnar.

### Hæfniskröfur

- Framúrskarandi leiðtogaþæfileikar og söludrifið hugarfar
- Reynsla og þekking á smásölumarkaði eða öðrum tengdum rekstri
- Umfangsmikil þekking og reynsla af stjórnun og rekstri
- Hæfileiki til að koma hlutum í verk
- Brennandi áhugi á orkumiðlum og orkuskiptum
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

N1 er félag með sterkar rætur í íslensku samfélagi og eitt öflugasta orku- og þjónustufyrirtæki landsins. Félagið er með starfsstöðvar vítt og breitt um landið og rekur 29 þjónustustöðvar, 68 eldsneytisafgreiðslur ásamt 8 verslunum, 10 verkstæðum, 6 bílapvottastöðvum og stórrí vefverslun. Um 650 manns starfa hjá félaginu. Starfsemin er fjölbreytt en meginhlutverkið er að sjá viðskiptavinum um allt land fyrir eldsneyti og raforku. Þannig heldur N1 samfélaginu á hreyfingu með öflugri þjónustu og markvissu vöruúrvali fyrir bæði fyrirtæki og fólkið í landinu.

Umsóknarfrestur er til og með **27. október**.

Sótt er um starfið á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem – [sverrir@hagvangur.is](mailto:sverrir@hagvangur.is)

Auk N1 á móðurfélagið Festi dótturfélagin Krónuna sem rekur samnefndar matvöruverslanir, ELKO sem er stærsta raftækjaverslun landsins, Lyfju sem starfrækir í dag 44 apótek og útibú hringinn í kringum landið, Yrki sem á og rekur fasteignir samstæðunnar og Bakkann vöruhótel sem sérhæfir sig í vöruhúsaþjónustu og dreifingu.



## FULLTRÚI HJÁ ADVEL LÖGMÖNNUM

ADVEL lögmenn óska eftir að ráða til starfa áhugasaman og metnaðarfullan löglærðan fulltrúa til að sinna fjölbreyttum verkefnum fyrir viðskiptavinum stofunnar.



ADVEL

### Helstu verkefni:

- Almenn lögfræðiráðgjöf á starfssviðum stofunnar með áherslu á fjármuna-, féлага- og skattarétt.
- Samninga- og skjalagerð.
- Samskipti við viðskiptavinum.
- Málflutningur, eftir atvikum.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í lögfræði.
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Vönduð og sjálfstæð vinnubrögð.

ADVEL lögmenn hafa um árabil sérhæft sig í lögfræðiráðgjöf til fyrirtækja og opinberra aðila og sinna afar fjölbreyttum verkefnum. Hjá okkur starfar áhugasamt og sérhæft kunnáttufólk í krefjand starfsumhverfi. Við leggjum áherslu á að skapa áhugaverðan og hvetjandi vinnustað þar sem starfsfólk fær tækifæri til að kynnast hinum ýmsu sviðum lögfræðinnar.

Nánari upplýsingar veitir Vilborg Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri, netfang vilborg@advel.is, sími 520-2050.

Umsóknir skulu berast á [jobs.50skills.com/advel](https://jobs.50skills.com/advel). Umsóknarfrestur er til og með 17. október 2024. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.



## Embætti dómanda við Endurupptökudóm

Dómsmálaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti dómanda við Endurupptökudóm. Skipað verður í embættið hið fyrsta eftir að dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara lýkur störfum og er skipunartími til og með 31. janúar 2026. Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 13. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016, og koma úr röðum annarra en fyrrverandi eða starfandi dómara eða núverandi starfsmanna dómstóla. Dómendur Endurupptökudóms fá greitt fyrir hvert mál sem þeir taka sæti í samkvæmt tímagjaldi sem ákveðið er af stjórn dómstólasýslunnar, sbr. 9. mgr. 54. gr. laga nr. 50/2016.

Endurupptökudómur er sérdómstóll sem sker úr um hvort heimila skuli endurupptöku dómsmála sem dæmd hafa verið í héraði, Landsrétti eða Hæstarétti. Dómsmálaráðherra skipar fimm dómendur í Endurupptökudóm, þar af þrjá, ásamt jafnmörgum varamönnum, tilnefnda af hverju hinna þriggja dómstiga. Embætti tveggja dómenda og jafnmargra varadómenda skulu auglýst og við veitingu þeirra gætt ákvæða III. kafla laga nr. 50/2016 og reglna um störf dómnefndar nr. 970/2020. Skipunartími er fimm ár en þó þannig að skipunartími eins manns rennur út hvert ár.

Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 970/2020 er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um: 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnarsýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) almenna og sérstaka starfshæfni, 9) andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum, 10) tvo fyrrverandi/núverandi samstarfsmenn/yfirmenn, sem og símanúmer þeirra eða netföng, sem geta veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda, sbr. 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020 og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geti ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf dómanda við Endurupptökudóm.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) ferilskrá, 2) afrit af prófskírteinum, 3) afrit dóma í munnlega fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 4) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 5) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 6) útgefn fræðirit og ljósrít af tímaritsgreinum umsækjanda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 7) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem dómandi við Endurupptökudóm.

Umsóknir skulu berast dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en 28. október nk. Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsóknir og fylgigögn berist dómsmálaráðuneytinu á minnislykli eða með rafrænum hætti á netfangið [starf@dmr.is](mailto:starf@dmr.is).

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

**Dómsmálaráðuneytinu,**  
11. október 2024.



Stjórnarráð Íslands  
Dómsmálaráðuneytið

# Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár



HAGVANGUR

[hagvangur.is](https://hagvangur.is)



## Sérfræðingur í stafrænni þróun flutningskerfis raforku

### Viltu móta raforkukerfi framtíðarinnar?

Við leitum að sérfræðingi í stafrænni þróun flutningskerfis raforku til að ganga til liðs við okkur! Í starfinu muntu vinna að innleiðingu nýjustu tæknilausna og þróun á stjórn- og varnarbúnaði raforkukerfisins auk sjálfvirkni- og snjallnetsvæðingar ásamt frábæru teymi sérfræðinga sem leggja áherslu á nýsköpun og sjálfvirknivæðingu.

### Við leitum að einstaklingi sem

- Hefur háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. verkfræði eða tæknifræði.
- Byr yfir mikilli tölvukunnáttu; þekking á forritun og netsamskiptum er kostur.
- Hefur þekkingu á stjórn- og varnarbúnaði.
- Er lausnamiðaður og góður teymisfélagi með frumkvæði og skipulagshæfileika.
- Marktæk reynsla af svipuðu starfi er kostur

## Sérfræðingur í stjórnun flutningskerfis

### Framtíðin er rafmögnuð!

Við leitum að sérfræðingi í stjórnun flutningskerfis til að ganga til liðs við okkur! Í starfinu muntu hafa beina stjórn á raforkukerfi landsins og vinna með frábæru teymi sérfræðinga sem tryggja stöðugan og áreiðanlegan raforkuflutning í rauntíma.

### Við leitum að einstaklingi sem

- Hefur háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. verkfræði eða tæknifræði
- Er lausnamiðaður og góður teymisfélagi.
- Er með frumkvæði, skipulagshæfileika og áhuga á raforkukerfum.
- Byr yfir góðri hæfni í íslensku og ensku.

Við bjóðum þér skemmtilegt vinnuumhverfi með aðstöðu til líkamsræktar, frábæru mötuneyti og margt fleira. Við bjóðum einnig stöðuga þjálfun og fræðslu til starfsþróunar og starf sem skiptir máli fyrir samfélagið!

### Umsóknarfrestur er til og með 27. október 2024.

Við hvetjum öll áhugasöm til að sækja um óháð uppruna, aldri eða kyni. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem þú segir okkur af hverju þig langar að bætast í hópinn. Sótt er um störfin á [landsnet.is](https://landsnet.is). Nánari upplýsingar veitir Jason Már Bergsteinsson, mannaúðssérfræðingur, [mannaudur@landsnet.is](mailto:mannaudur@landsnet.is). Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Við erum lykilinnviður þjóðarinnar og allt okkar starf snýst um að miðla orku sem drífur áfram lífsgæði og sköpunarkraft samfélagsins til framtíðar. Við leggjum áherslu á virðingu, samvinnu og ábyrgð. Við erum framsækið þekkingarfyritæki sem býður kraftmiklu starfsfólki spennandi verkefni við aðstæður þar sem umhyggja, jafnrétti og öryggi eru í fyrirrúmi.

## Forstöðumaður Menningarstofu Fjarðabyggðar



Fjarðabyggð auglýsir starf forstöðumanns  
Menningarstofu Fjarðabyggðar laust til umsóknar

Menningarstofa hefur það hlutverk að efla menningu, listir og skapandi starf í Fjarðabyggð. Leitað er að einstaklingi með brennandi áhuga fyrir menningarmálum sem á að hafa yfirsýn og drifkraft til að tengja saman allt það ólíka sem fer fram í fjölkjarna sveitarfélagi.

Forstöðumaður ber ábyrgð á starfsemi Menningarstofu Fjarðabyggðar, verkefnastjórn og fjármögnun verkefna stofunnar.

Umsóknarfrestur er til og með 25. október 2024 og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. janúar 2025.

Nánari upplýsingar um starfið og umsóknarferli má finna á starf.fjardabyggd.is.



## Þjónustufulltrúi

### Býrð þú yfir afburða þjónustulund? Árvakur hf. leitar að þjónustufulltrúa í fullt starf.

Starfið felst í símsvörun, áskrifendabjónustu og mörgu fleira.  
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

#### Við leitum að einstaklingi sem er:

- Með afburða þjónustulund
- Snyrtilegur
- Með sjálfstæð vinnubrögð
- Með mikla hæfileika í mannlegum samskiptum
- Fljótur að læra
- Jákvæður og líflegur
- Með góða almenna tölvukunnáttu
- Með góða íslenskukunnáttu í töluðu og rituðu máli

Nánari upplýsingar um starfið veitir María Lilja Moritz, þjónustustjóri Árvakurs,  
í síma 569-1306 eða á netfanginu marialilja@mbl.is

Umsóknir er hægt að fylla út á mbl.is, neðst á forsíðu. Á umsóknareyðublaðinu skal velja **almenna umsókn** og tiltaka „þjónustufulltrúi“ þegar spurt er um ástæðu umsóknar.

Umsóknarfrestur er til 27. október.

ÁRVAKUR er útgefandi Morgunblaðsins og mbl.is. ásamt því að reka útvarpsstöðvarnar K100 og Retró.  
Dótturfyrirtæki Árvakurs eru Landsprent og Edda útgáfa.

Árvakur er lifandi vinnustaður þar sem ríkir góður starfsandi og sterk liðsheild.

ÁRVAKUR [mbl.is](http://mbl.is) Morgunblaðið RETRO FM 89.5 EDDA FINNA Landsprent



Við  
leiðum  
fólk  
saman



HAGVANGUR



# TOYOTA Á ÍSLANDI LEITAR AÐ BUSINESS CENTRAL SÉRFRÆÐINGI

Við leitum að sérfræðingi/ráðgjafa í Business Central hugbúnaðarlausnum til að taka þátt í innleiðingu kerfisins í fyrirtækjum okkar.

## Helstu verkefni:

- Innleiðing á Dynamics 365 Business Central.
- Sérsníða viðskiptaferla og sérlausnir.
- Veita ráðgjöf og tæknilegan stuðning til notenda.
- Útfærsla á skýrslum og viðskiptagreiningu.
- Þjálfun notenda og viðhald á kerfum.

## Hæfniskröfur:

- Reynsla af Microsoft Dynamics 365 Business Central er skilyrði.
- Þekking á AL forritunarmálinu er kostur.
- Góð samskiptahæfni og geta til að vinna í teymi.
- Reynsla af innleiðingu kostur.
- Reynsla af ráðgjöf kostur.
- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða viðskiptafræði er kostur.
- Microsoft vottanir í Dynamics 365 Business Central (kostur).

## Vinnustaðurinn

Toyota á Íslandi er umboðsaðili fyrir nýja Toyota bíla, vara- og aukahluti. Toyota á Íslandi er „Fyrirtæki ársins 2024“ hjá VR. Skrifstofur Toyota á Íslandi eru staðsettar í Kaupþúni 6, Garðabæ.

Sótt er um starfið á heimasíðu Toyota [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

Allar nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir á netfanginu [fanny@toyota.is](mailto:fanny@toyota.is)

Umsóknarfrestur er til og með 31. okt.





# Raðauglýsingar

Listmunir

Leitum að verkum eftir:

**Jóhannes Kjarval  
Alfreð Flóka  
Kristján Davíðsson  
Guðmundu Andrésd.**

Einnig eftir Porvald Skúlason og Hafstein Austmann fyrir fjársterkan aðila.

Upplýsingar í síma 895 0665  
smidjanlisthus@simnet.is

**Smiðjan listhús, stofnað 1991  
Ármúla 36**

## Tilkynningar



**Íslenskupróf fyrir  
umsækjendur um íslenskan  
ríkisborgararétt haustið 2024**

Skráningu í íslenskupróf fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgarétt er hafin á [www.mimir.is](#).

Prófin verða haldin á eftirtöldum stöðum:

- Reykjavík (Mímir), 18.-28. nóvember kl. 09:00 og kl. 13:00.
- Akureyri (Símei), 20. nóvember kl. 13:00.
- Ísafjörður (Fræðslumiðstöð Vestfjarða), 20. nóvember kl. 13:00
- Egilsstaðir (Austurbrú), 21. nóvember kl. 13:00.

Skráningu lýkur 28. október 2024.

Ekki er hægt að sækja um eftir að skráningu lýkur.

Prófgjaldið er 40.000 kr.

## Auglýsing um skipulag Hafnarfjarðarbær

**Tillaga að breytingu á aðalskipulagi  
Hafnarfjarðar 2013 – 2025 vegna  
Fornubúða 5 á miðsvæði M7 og breytingu  
á deiliskipulagi fyrir Suðurrhöfn í  
Hafnarfirði**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar á fundi þann 11. september sl.

Í breytingartillögunni felast breytingar á ákvæðum fyrir miðsvæði (M7) bætt er við heimild fyrir 55 íbúðum á efri hæðum, ekki er heimilt að hafa íbúðir á jarðhæð. Breytingin er textabreyting á skilmálum. Samhliða er gerð breyting á deiliskipulagi fyrir Suðurrhöfn í Hafnarfirði en gert verður ráð fyrir allt að 5 hæða byggingu fyrir blandaða starfsemi, skrifstofur, verslun, þjónustu, hótél og íbúðir. Breytingin felst í meginatriðum í því að bætt er við heimild fyrir hóteli/hótélíbúðum og íbúðum, lóðin er stækkuð lítillega, gerð er ný gata og bílastæðaskilmálum er breytt.

Kynningartíminn er til **17.10.24 - 28.11.24** og má nálgast tillögurnar á [skipulagsgatt.is](#) og [hfj.is/skipulag](#).

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillögurnar eigi síðar en **28.11.2024** í gegnum skipulagsgátt.

Hafnarfjarðarbær  
bt. umhverfis- og skipulagssvið  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

[hafnarfjordur.is](#)



# Auglýsing um tillögu að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

## Hlemmur og nágrenni og Hlemmur, umferðarskipulag – Breyting á deiliskipulagi vegna gatnamóta við Katrínartún

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. september 2024 og borgarstjórn Reykjavíkur þann 1. október 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.240, Hlemmur og nágrenni og Hlemmur, umferðarskipulag, vegna breytinga á gatnamótum Laugavegs og Katrínartúns. Færsla á skipulagsmörkum að breyttum lóðamörkum Laugavegar 162 eru færð sunnar sem nemur 3m. Komið er fyrir akstursleið í austur frá Ásholti meðfram Laugavegi 162 samhliða sérrými almenningsgangna, hjóla- og göngustíga, akfærum göngustíg frá Ásholti niður að Laugaveg, breytti útfærslu gatnamóta Katrínartúns og Laugavegs til samræmis við forhönnun Borgarlínu, uppfærðri útfærslu sérrýmis almenningsgangna, hjóla- og göngustíga, auknu svigrúmi sérrýmis Borgarlínu sbr. gulan lit í skýringum, og almennt breytti framsetning lita á uppdrætti til frekari skýringa og samræmis við deiliskipulagsáætlanir Borgarlínu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Elliðaárdalur – (Arnarnesvegur – Breiðholtsbr.)

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 25. september 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 3. október 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals. Breytingin felst í að lega samgöngustíga er uppfærð til samræmis við fyrirliggjandi hönnun annars vegar við mislæg gatnamót Arnarnesvegur og Breiðholtsbrautar og hins vegar samgöngustígs með tveimur brúm yfir Dimmu. Báðar brýr fá breytta staðsetningu við nánari hönnun. Þá er ofanvatnstjórn komið fyrir milli stíga norðan við Breiðholtsbraut. Jafnframt er deiliskipulagsmörkum breytt þannig að mörkin fara að vegkanti rampa á Arnarnesvegi. Samgöngustígar norðan Breiðholtsbrautar ásamt fláum verða þannig innan deiliskipulags Elliðaárdals að mörkum þróunarreits. Deiliskipulagsmörk Arnarnesvegur breytast til samræmis við þessa afmörkun. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Arnarnesvegur 3. áfangi (göngu- og hjólastígar)

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 25. september 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 3. október 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Arnarnesvegur áfangi 3. Í breytingunni sem lögð er til felst að lega stofnstígs (göngu- og hjólastígar) er uppfærð til samræmis við fyrirliggjandi hönnun mislægra gatnamóta Arnarnesvegur og Breiðholtsbrautar sem og deiliskipulags Elliðaárdals. Þá breytast deiliskipulagsmörk Arnarnesvegur innan marka Reykjavíkurborgar til samræmis við nýja afmörkun Elliðaárdals. Alls flyst 1.21ha frá Arnarnesskipulaginu og yfir í deiliskipulag Elliðaárdals. Deiliskipulagsmörkin eru breytt þannig að mörkin fara að vegkanti ramps á Arnarnesvegi. Samgöngustígur norðan Breiðholtsbrautar ásamt fláum færast þar með yfir í deiliskipulag Elliðaárdals og að mörkum íbúabyggðar ÍB40. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Hlíðarendi – Reitur A – Arnarhlíð 3

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 25. september 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 3. október 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna lóðarinnar nr. 3 við Arnarhlíð. Í breytingunni sem lögð er til felst að fjölga íbúðum, fella niður göng undir Flugvallarveg, auka byggingarmagn á jarðhæð, auka hlutfall 5. hæðar af stærð 4. hæðar, koma fylgilóðum vegna djúpgáma fyrir í borgargötum, breyta lóðastærð, mörk skipulagssvæðis færast að lóðamörkum, útbyggingar eru ávarpaðar og leikskólalugmyndir á lóð eru felldar niður. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Hofsvallagata 54 – Vesturbæjarlaug

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 25. september 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 3. október 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar, lóð nr. 54 við Hofsvallagötu. Í breytingunni sem lögð er til felst breyting á skipulagsmörkum. Innan nýja deiliskipulagssvæðisins eru skilgreindar fjórar lóðir, ný afmörkun fyrir lóð Vesturbæjarlaugar og Vesturborgar, ný lóð undir veitingavagn og ný lóð fyrir grenndarstöð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má nálgast á vefnum, [www.skipulagsgatt.is](#). Einnig má nálgast tillögurnar hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá **17. október 2024 til og með 28. nóvember 2024**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 28. nóvember 2024**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillögurnar er hægt að senda tölvupóst á [skipulag@reykjavik.is](#).

Reykjavík 17. október 2024

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Reykjavík

L

E

M

I

K

A

I

R

# Endalaus uppspretta skemmtunar

Leikir er nýtt og bráðskemmtilegt vefsvæði á mbl.is.  
Þar getur þú glímt við krossgátur, sudoku, talnaþraut,  
myllu og fleiri leiki.

Frábærir hugarleikir sem þroska og skemmta í senn.



Góð skemmtun á mbl.is